

Fimmtudaginn 11. júlí 1996.

Nr. 264/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Berki Birgissyni

(Anna Jóhannsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður um gæsluvarðhald verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Jafnframt krefst varnaraðili staðfestingar á úrskurði héraðsdóms, þar sem hafnað var kröfu um, að varnaraðila yrði gert að sæta geðrannsókn. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1996 og krafðist staðfestingar hins kærða úrskurðar, en auk þess, að varnaraðila yrði gert að sæta geðrannsókn. Í greinargerð til Hæstaréttar hefur sóknaraðili lýst yfir, að fallið sé frá kröfu um, að varnaraðila verði gert að gangast undir geðrannsókn.

Nokkuð ber á milli framburðar varnaraðila og afgreiðslustúlkuunnar í söluturninum að Hraunbergi 4, Reykjavík, um aðdraganda árásarinnar. Varnaraðili er undir rökstuddum grun um brot, sem getur varðað við 2. mgr. 218. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júlí 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 10. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dóm-arafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Berki Birgissyni, kt. 010679-4279, Frostafold 20, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. ágúst nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Enn fremur er þess krafist, að kærða verði gert að sæta geðrannsókn, sbr. d-lið 71. gr. laga nr. 19/1991.

Rannsóknarlögreglan rannsakar nú rán, sem var framið í söluturninum við Hraunberg 4 í Reykjavík að kvöldi þriðjudagsins 9. júlí sl., en þá réðst maður, íklæddur lambhússhettu, þar inn með hamar að vopni. Lamdi hann stúlku, sem þar var við afgreiðslu, í höfuðið og hafði auk þess í hótunum við hana og rændi þar peningum. Stúlkan hlaut sár í andlit, mar á höfuð, mar á vinstra úlnlið, og höfuðkúpa hennar brákaðist.

Kærði hefur játað fyrir dóminum að hafa umrætt kvöld farið inn í sölu-turninn að Hraunbergi 4, Reykjavík, og ráðist með ofbeldi á afgreiðslu-stúlku og haft á braut með sér peninga, sem hann hafi tekið úr kassa þar. Hann hefur viðurkennt, að hann hafi „danglað í hausinn“ á afgreiðslustúlku-nni, þegar hún reyndi að loka dyrum að söluturninum, og komist inn með þeim hætti.

Verknaður sá, sem kærði hefur viðurkennt, varðar við 2. mgr. 218. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er krafa lögreglu um gæslu-varðhald studd a-, c- og d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Rannsókn málsins er á frumstigi. Peningarnir, sem kærði tók með sér úr söluturninum, hafa ekki fundist enn, og liggur ekki fyrir, um hve háa fjárhæð er að ræða. Kærði hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi sett peningana í hanska og fleygt þeim inn í garð á leið heim til sín eftir ránið.

Ástæða er til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, svo sem með undanskoti þýfisins, ef hann færir nú frjáls ferða sinna. Á hinn bóginn þykja skilyrði c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki uppfyllt, en fallast verður á það með lögreglu, að brot kærða sé svo ógnvekjandi og háskalegt, að með tilliti til almannahagsmuna sé nauðsynlegt, að hann sæti gæsluvarðhaldi. Samkvæmt a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, og með vísan til 2. mgr. 103. gr. fyrrgreindra laga, þann tíma, sem lögregla hefur krafist.

Ekki þykir sýnt, að ástæða sé til að draga í efa sakhæfi kærða, sbr. 15. og

16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er kröfu lögreglu um, að kærða verði gert að sæta geðrannsókn, því hafnað, sbr. d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Börkur Birgisson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðviku-
dagsins 7. ágúst nk. kl. 16.00.

Kröfu rannsóknarlögreglunnar um, að Berki Birgissyni verði gert
að sæta geðrannsókn, er hafnað.
